



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 39. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

### KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 5. FUNDUR ÁRSINS

#### VAR HALDINN ÞRIÐJUDAGINN 4. MAÍ 2021

#### KL. 14.00 Í FÉLAGSHEIMILINU Á FLÚÐUM

Árið 2021, þann 4. maí kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Huppusalnum í Félagsheimilinu á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Aðalsteinn Þorgeirsson sem varamaður Sigurðar Sigurjónssonar, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að taka fyrir eitt mál, fundargerð starfshóps vegna svæðisskipulags fyrir Suðurhálandið. Sveitarstjórn samþykkir að erindið verði lagt fram.

#### **Erindi til sveitarstjórnar:**

##### **1. Ársreikningur 2020: Seinni umræða.**

Ársreikningur Hrunamannahrepps, sundurliðun ársreikningsins fyrir árið 2020 voru tekin til seinni umræðu. Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 23 millj. Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 69,2 millj. Nettófjárfesting var 93,5 millj. Veltufé frá rekstri 121 millj. Heildareignir 1.674 millj., heildarskuldir 865 millj. og eigið fé 809 millj. Skuldahlutfall er 69% og hefur lækkað úr 71,4% frá fyrra ári. Að öðru leyti er vísað til framlagðra gagna. Sveitarstjórn samþykkir ársreikninginn samhljóða og er reikningurinn undirritaður því til staðfestingar.

##### **2. Covid-19: Staða og horfur.**

Oddviti og sveitarstjóri fóru yfir stöðuna vegna Covid-19 mála í Hrunamannahreppi og áhrifin á samfélagið. Sveitarstjórn vill þakka starfsfólki sveitarfélagsins og íbúum fyrir góð viðbrögð þegar upp komu smit í samfélaginu.

##### **3. Vinnumálastofnun: Sumarstarf fyrir námsmenn.**

Oddviti kynnti erindi frá Vinnumálastofnun þar sem fram kom að Hrunamannahreppi voru úthlutaðar tvær ráðningarheimildir fyrir námsmenn í sumar. Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa tvö störf fyrir námsmenn á vegum sveitarfélagsins á skrifstofu/heilsuefandi og áhaldahús/umhverfismál.

##### **4. Vesturbrún 13: Forkaupsréttur.**

Oddviti kynnti beiðni frá Fasteignasölnunni Grafarvogi þess efnis að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Vesturbrún 13, skv. lóðaleigusamningi vegna eignarinnar. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Vesturbrún 13, Flúðum í Hrunamannahreppi, fastanúmer 220-4253 skv. samþykktum kaupsamningi í eignina.

##### **5. Akurgerði 8: Forkaupsréttur og lóðaleigusamningur.**

Oddviti kynnti beiðni frá Lögmönnum Suðurlands þess efnis að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum vegna fasteignarinnar Akurgerðis 8, Flúðum. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Akurgerði 8, Flúðum, fastanúmer 220-3181 skv. samþykktum kaupsamningi í eignina. Jafnframt eru lögð fram drög að nýjum lóðaleigusamningi vegna fasteignarinnar og samþykkir sveitarstjórn að í nýjum lóðaleigusamningi verði áfram gert ráð fyrir forkaupsrétti sveitarfélagsins.

##### **6. Flugvallarvegur 1. Lóðaleigusamningur og forkaupsréttur.**

Oddviti kynnti drög að nýjum lóðaleigusamningi vegna fasteignarinnar Flugvallarvegi 1, Flúðum (áður Gröf lóð 4) samhliða nýju lóðablaði vegna stækkunar á lóðinni. Sveitarstjórn samþykkir stækkun lóðarinnar og að í nýjum lóðaleigusamningi sé áfram gert ráð fyrir forkaupsrétti sveitarfélagsins.

7. **Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni um rekstarleyfi vegna Efra-Sels.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um breytingu á rekstarleyfi í Efra-Seli vegna Kaffi-Sels. Sveitarstjórn samþykkir ofangreinda beiðni.
8. **Lögreglustjórinn á Suðurlandi: Uppsetning myndavéla.**  
Oddviti kynnti minnisblað frá lögreglustjóranum á Suðurlandi um mögulega tilhögun á uppsetningu myndavéla í almannarými og véla sem búnar eru til númeralesturs í sveitarfélögum innan umdæmis hans. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur oddvita og sveitarstjóra að skoða málið frekar með tilliti til staðsetningar og kostnaðar.
9. **Bókasafn Hrunamanna: Ársskýrsla 2020.**  
Oddviti kynnti ársskýrslu Bókasafnsins fyrir síðasta ár. Þar kemur fram að almennir lánþegar voru um 892 og lánaðar voru út 2.042 bækur yfir árið sem er lítilsháttar fækkun frá fyrra ári. Að auki voru skólunum lánaðar út 589 bækur. Sveitarstjórn þakkar Ingu Jónu fyrir góða skýrslu.
10. **Skipun í stjórn seyruverkefnisins:**  
Oddviti kynnti skipun í seyrustjórn skv. samstarfssamningi um sameiginlegan seyrurekstur. Sveitarstjórn skipar Halldóru Hjörleifsdóttur sem aðalman og Jón G. Valgeirsson sem varamann í stjórnina.
11. **Límtré Vírnet ehf: Hlutfé.**  
Oddviti kynnti erindi frá framkvæmdastjóra Límtré Vírnets ehf um hvort sveitarfélagið hefði áhuga á að setja hlut sinn í félaginu. Meirihluti sveitarstjórnar hafnar því að selja hlut sinn í félaginu. Fulltrúar D-lista telja ekki þörf fyrir sveitarfélagið að eiga hlut í félaginu.
12. **Íslandsmeistaramót í þolakstri(Enduro): Leyfisbeiðni.**  
Oddviti kynnti beiðni frá Vélhjólaiþróttaklúbbnum Vík um leyfi fyrir því að halda Íslandsmeistaramót í þolakstri í Syðra-Langholti 8. maí og Jaðri þann 19. júní n.k. Sveitarstjórn samþykkir erindið fyrir sitt leyti.
13. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarkerfi).**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarkerfi). Jafnframt var lögð fram umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvörpin.
14. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð.
15. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um endurskoðaða landsskipulagsstefnu 2015-2026.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um endurskoðaða landsskipulagsstefnu 2015-2026.
16. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands.
17. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (málsmeðferð virkjunarkosta í vindorku).**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (málsmeðferð virkjunarkosta í vindorku).
18. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um frumvarp til laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

19. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um grunnskóla og framhaldsskóla (fagráð eineltismála).**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um grunnskóla og framhaldsskóla (fagráð eineltismála).
20. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á málefnasviði mennta- og menningarmála (öflun sakavottorðs).**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á málefnasviði mennta- og menningarmála (öflun sakavottorðs).
21. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um skráða sambúð fleiri en tveggja aðila.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um skráða sambúð fleiri en tveggja aðila.
22. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur).**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur).
23. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um lýðheilsustefnu til ársins 2030.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um lýðheilsustefnu til ársins 2030.
24. **Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á lögum á fjármálum stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra, nr. 162/2006 (gagnsæi, skráning og vinnsla persónuupplýsinga).**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum á fjármálum stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra, nr. 162/2006 (gagnsæi, skráning og vinnsla persónuupplýsinga).
25. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um fjöleignarhús (rafrænir húsfundir og fjölbreytt húsnæði).**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um fjöleignarhús (rafrænir húsfundir og fjölbreytt húsnæði).
26. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um barnaverndarlög (barnaverndarþjónusta, samþætting o.fl.)**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um barnaverndarlög (barnaverndarþjónusta, samþætting o.fl.).
27. **Íbúafundur.**  
Oddviti ræddi um árlegan íbúafund sem haldinn hefur verið til að kynna fyrir íbúum síðasta ársreikning sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir að halda íbúafund þann 25. maí kl. 20:00.

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

28. **Öldungaráð: Fundargerð 24. fundar frá 19. apríl s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 24. fundar öldungarráðs frá 19. apríl s.l. Farið var yfir væntanlegar framkvæmdir í Heimalandi, samskipti við félagsmálastjóra og starf stýrihóps um heilsueflandi samfélag. Kynnt var þjónusta við eldri borgara í öðrum sveitarfélögum, handrið við nuddpott í sundlaug og fundartíma næsta fundar. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

#### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:**

29. **Fundargerð 215. fundar skipulagsnefndar frá 15. apríl s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. apríl s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 215. fundar skipulagsnefndar frá 15. apríl s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. apríl s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

**Mál nr. 28. Álfabyggð og Birkibbyggð: Göngustígur, framkvæmdaleyfi.**

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi frá SIAL ehf. Í umsókninni felst beiðni um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu göngustígs um Álfabyggð og Birkibbyggð í samræmi við deiliskipulagsbreytingu sem samþykkt var til gildistöku á 212. fundi skipulagsnefndar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að útgáfa framkvæmdaleyfis verði samþykkt á grundvelli heimilda deiliskipulags.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli heimilda deiliskipulagsins.

**Mál nr. 29. Birtingaholt 3 lóð: Staðfesting á afmörkun og breytt skráning lóðar.**

Lögð er fram umsókn frá Skúla Guðmundssyni er varðar afmörkun lóðar Birtingarholts 3 lóð L166868 úr landi Birtingaholts 3 L166727. Lóðin er skráð með stærðina 0,0 í fasteignaskrá en verður 2.513 fm skv. meðfylgjandi lóðablaði. Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við afmörkun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið. Mælist er til þess að staðfangi lóðar verði breytt í samræmi við reglugerð um skráningu staðfanga.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir afmörkun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn, ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga en mælist er til þess að staðfangi lóðar verði breytt í samræmi við reglugerð um skráningu staðfanga.

**Mál nr. 30. Garðastígur Flúðum: Göngustígur og ný lóð. Deiliskipulagsbreyting.**

Lögð er fram umsókn frá Hrunamannahreppi er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi vegna garðyrkjulóða við Garðastíg. Í breytingunni felst að sett er kvöð um göngustíg meðfram austanverðum Garðastíg. Ný lóð er gerð fyrir dælustöð á lóð nr. 2 við Garðastíg og fær hún heitið Garðastígur 2A.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Samráð hefur verið haft við lóðarhafa innan svæðisins vegna breytinga og er því ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Samráð hefur verið haft við lóðarhafa innan svæðisins vegna breytinga og er því ekki talin þörf á grenndarkynningu.

**Mál nr. 31. Ásgarður: Færsla byggingarreits. Deiliskipulagsbreyting.**

Lögð er fram umsókn frá Fannborg ehf. er varðar breytingu á deiliskipulagi lóðar Ásgarðs L223398, Kerlingarfjöllum. Í breytingunni felst tilfæring á byggingarreit á svæðinu. Reitur er færður frá óröskuðu svæði inn á raskað svæði. Stærð svæðisins helst óbreytt.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar en umsækjandi eru innan svæðisins sem breytingin tekur til er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar en umsækjandi eru innan svæðisins sem breytingin tekur til er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

**Mál nr. 36. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. apríl s.l.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. apríl.

**30. Fundargerð 216. fundar skipulagsnefndar frá 28. apríl s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. apríl s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 216. fundar skipulagsnefndar frá 28. apríl og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. apríl s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi;

**Mál nr. 27. Holt, Unnarholt land: Deiliskipulag.**

Lögð er fram tillaga er varðar nýtt deiliskipulag að Holti L192736 í Hrunamannahreppi eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst skilgreining fjögurra byggingarreita, þriggja fyrir íbúðarhús og eins fyrir útihús. Athugasemdir bárust á auglýsingatíma deiliskipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt andsvörum umsækjanda og uppfærðum deiliskipulagsuppdrætti.

Athugasemdir bárust frá landeiganda aðliggjandi jarðar í nokkrum liðum sbr. meðfylgjandi skjali dagsett 16. apríl 2021. Einnig bárust umsagnir vegna málsins frá Vegagerðinni, Minjastofnun Íslands, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Umhverfisstofnun og Brunavörnum Árnæssýslu. Engar athugasemdir komu fram innan framlagðra umsagna framangreindra stofnana.

Skipulagsnefnd telur því að athugasemdir landeiganda aðliggjandi jarðar er varðar minjar, vegtengingu og hugsanlega röskun á vistkerfum innan og utan svæðisins m.a. vegna frárennslismála eigi ekki við í samræmi við umsagnir þess efnis. Nefndin telur ekki ástæðu til að bregðast við athugasemdum vegna málsmeðferðar málsins, kynningar þess og að bókunum skipulagsnefndar sé ábótavant.

Nefndin telur að tillagan samræmist stefnu aðalskipulags Hrunamannahrepps er varðar byggingar á landbúnaðarsvæðum. Landbúnaðarsvæði er grunn landnotkunarflokkur aðalskipulags og eru ýmiss konar heimildir innan þess er varðar byggingu stakra íbúðarhúsa, frístundahús og útihúsa sbr. lið 2.2.1 og 2.2.8. Þær heimildir hafa t.d. verið nýttar á lóðum Unnarholtskots 3, Unnarholtskots 1C, Unnarholtskots 1 lóð auk þess sem stofnuð hefur verið lóð á svæðinu undir heitinu Kriki 1 þar sem samþykkt var byggingarleyfi sumarið 2020 að undangenginni grendarkynningu. Nefndin telur að markmiðum aðalskipulags um dreifbýlisyfirbragð sé ekki ógnað með samþykkt deiliskipulagsins enda sé það í ágætu samræmi við núverandi byggðarmynstur á svæðinu. Nefndin telur þó ástæðu til að rýna betur hæð og hæðarsetningu húsa innan svæðisins. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að málinu verði frestað og skipulagsfulltrúa verði falið að fara á staðinn og skoða aðstæður m.t.t. framlagðra gagna og athugasemda sem bárust vegna málsins sem snýr að hæðarsetningu húsa og leggja fram samantekt til skipulagsnefndar að lokinni vettvangsskoðun. Í takt við fyrirspurn málsaðila innan framlagðra andsvara mælist nefndin til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að ekki verði gerð athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis vegna afleggjara inn á landið sem unnið er að í samráði við Vegagerðina.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að málinu verði frestað og skipulagsfulltrúa verði falið að fara á staðinn og skoða aðstæður m.t.t. framlagðra gagna og athugasemda sem bárust vegna málsins sem snýr að hæðarsetningu húsa og leggja fram samantekt til skipulagsnefndar að lokinni vettvangsskoðun. Í takt við fyrirspurn málsaðila innan framlagðra andsvara gerir sveitarstjórn ekki athugasemdir við útgáfu framkvæmdaleyfis vegna afleggjara inn á landið sem unnið er að í samráði við Vegagerðina.

**Mál nr. 28. Skollagróf, skilgreining námusvæðis: Aðalskipulagsbreyting.**

Lögð er fram umsókn er varðar breytingu á aðalskipulags í landi Skollagrófar L166828. Í umsókninni felst að skilgreind verði nýtt efnistökusvæði innan aðalskipulags.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að unnin verði skipulags- og matslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Hrunamannahrepps þar sem skilgreint verði efnistökusvæði í landi Skollagrófar í samræmi við framlögð gögn. Um er ræða um 14 ha svæði þar sem ætlunin er að nýta tæpa 2 ha til efnistöku. Á svæðinu verði jafnframt gert ráð fyrir jarðvegstípp. Áætluð heildarefnistaka á svæðinu er undir 50.000 m<sup>3</sup>.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að unnin verði skipulags- og matslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Hrunamannahrepps þar sem skilgreint verði efnistökusvæði í landi Skollagrófar í samræmi við framlögð gögn. Um er ræða um 14 ha svæði þar sem ætlunin er að nýta tæpa 2 ha til efnistöku og að á svæðinu verði jafnframt gert ráð fyrir jarðvegstípp. Áætluð heildarefnistaka á svæðinu er undir 50.000 m<sup>3</sup>.

**Mál nr. 31. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. apríl s.l.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 21. apríl

**31. Vinnuhópur um uppbyggingu hjúkrunarheimilis í Uppsveitum Árnessýslu: Fundargerð 1. fundar frá 16. febrúar s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar vinnuhóps um uppbyggingu hjúkrunarheimilis í Uppsveitum Árnessýslu. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**32. NOS: Fundargerð frá 14. apríl s.l.**

Oddviti lagði fram fundargerð stjórnar NOS frá 14. apríl. Þar var farið yfir úttekt á SVÁ, tekin fyrir uppsögn forstöðumanns, farið yfir fjárhagsáætlun, starfsmannamál og verkefni þjónustunnar. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**33. Stjórn UTU bs. Fundargerð stjórnar UTU bs frá 28. apríl 2021.**

Oddviti lagði fram fundargerð stjórnar UTU frá 28. apríl s.l. Þar var farið yfir drög að uppfærðum samþykktum fyrir UTU, drög að gjaldskrá skipulagsfulltrúa og húsnæðismál UTU. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**Önnur mál:**

**34. Fundargerð um gerð svæðisskipulags fyrir Suðrhálendið.**

Oddviti lagði fram fundargerð starfshóps um gerð svæðisskipulag fyrir Suðrhálendið frá 30. apríl s.l. og drög að breytingum á starfsreglum fyrir svæðisskipulagsnefndina. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi breytingar á starfsreglunum og kostnaðarskiptingu.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

**a. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 211. fundar stjórnar frá 23. apríl s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**b. Listasafn Árneseinga: Fundargerð stjórnarfundar frá 14. apríl s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**c. Sorpstöð Suðurlands: SOS Fundargerð 301. fundar stjórnar frá 13. apríl s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**Kynningarmál:**

**d. Úthlutun úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla 2021.**

Lagt fram til kynningar.

**e. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Fjármál sveitarfélaga.**

Lagt fram til kynningar.

**f. Heilsueflandi: Sumarnámskeið í Uppsveitum Árnessýslu sumarið 2021.**

Lagt fram til kynningar.

**g. Gröf gatnagerð. Verkfundargerðir 3 og 4. fundar.**

Lagt fram til kynningar.

**h. Svæðisskipulag Suðrhálendisins: Stöðuskýrsla.**

Lagt fram til kynningar.

**i. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 46. fundar stjórnar frá 16. apríl s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**Fundir framundan:**

**j. Samtök íslenskra sveitarfélaga: Málþing um sameiningu sveitarfélaga 7. maí, rafrænn.**

Lagt fram til kynningar.

**k. Markaðsstofa Suðurlands: Aðalfundur miðvikudaginn 12. maí, rafrænn.**

Lagt fram til kynningar.

**l. Samtök orkusveitarfélaga: Orkufundur 2021 í Ráðhúsi Ölfuss 28. maí.**

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:25.